

5. gr.

88

23. júní

Við 2. gr. A. III. bætist:

17. Grímsá í Borgarfirði.
18. Reykjadalssá í Borgarfirði.
19. Kjarlaksstaðaá á Fellsströnd.
20. Búðardalsá á Skarðsströnd.
21. Hvestuvaðall í Dalahreppi í Barðastrandarsýslu.
22. Dufansdalsá í Suðurfjarðahreppi í Barðastrandarsýslu.
23. Skorará í Grunnavíkurbhreppi.
24. Svartá í Tungusveit.
25. Jökulsá eystri í Skagafirði.
26. Laxá í Laxárdal í Skagafirði.
27. Laxá í Mývatnssveit hjá Arnarvatni.
28. Skjálfandafliót hjá Stóruvöllum.
29. Ásavatn í Skaftártungu í Vestur-Skaftafellssýslu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

*Hermann Jónasson.***L Ö G**

89

23. júní

um framlenging á gildi ýmsra lagaákvæða um tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Á árinu 1937 er ríkisstjórninni heimilt að innheimta tolla þá og gjöld, sem talin eru í 2. gr. laga nr. 82 26. apríl 1935, á sama hátt og í sömu tilfellum og í nefndri grein, og einnig að innheimta með 25% viðauka verðtoll þann, sem um ræðir í lögum nr. 132 31. des. 1935.

89

23. júní

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal til ársloka 1937 heimilt að innheimta með 80% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningunni.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1937 tekjuskatt og eignarskatt með sama álagi og eftir sama skattstiga og árið 1936, sbr. lög nr. 82 26. apríl 1935, 1. gr., lög nr. 128 31. des. 1935, 2. gr. 1. og 2. málgr., og lög frá 21. apríl 1936, um breyting á þeim lögum.

Ákvæði síðustu málgr. 2. gr. laga nr. 128 31. des. 1935 skulu gilda til ársloka 1937.

4. gr.

Á árinu 1937 er ríkisstjórninni heimilt að innheimta gjald af innfluttum vörum, sem taldar eru í 3. gr. laga nr. 128 31. des. 1935, á sama hátt og í sömu tilfellum og þar segir.

5. gr.

Á árinu 1937 skal ríkisstjórninni heimilt að innheimta 8 auru innflutningsgjald af hverjum lítra af benzíni, í stað þess innflutningsgjalds, sem ákveðið er í a-lið 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932. Endurgreiða skal nefnt gjald í sömu tilfellum og á sama hátt og fyrir er mælt í 5. málgr. 4. gr. laga nr. 128 31. des. 1935 og reglugerð nr. 75 4. júlí 1933. Annars gilda ákvæði laga nr. 84 6. júlí 1932 um innheimtu gjalds þess, sem innheimt er samkvæmt þessari grein.

Þeim tekjuauka, sem leiðir af framangreindri hækkun innflutningsgjaldsins, skal varið til þess að greiða kostnað við lagningu akvega og malbikun þjóðvega svo sem hér segir:

I. Til malbikunar:

- | | | |
|-----------------------------|---------|-----------|
| a. Elliðaárvegur | allt að | 50000 kr. |
| b. Hafnarfjarðarvegur | allt að | 50000 — |

II. Til akvega:

- | | | |
|----------------------------------|---------|-----------|
| a. Til Suðurlandsbrautar | allt að | 70000 kr. |
| b. — Holtavörðuheiðarvegur | allt að | 30000 — |
| c. — Vestmannaeyjavegur | allt að | 5000 — |
| d. — Austurlandsvegur | allt að | 10000 — |
| e. — Geysisvegur | allt að | 10000 — |
| f. — vega út frá Akureyri | allt að | 15000 — |
| g. — Sogsvegur | allt að | 15000 — |

Það, sem ofangreindur tekjuauki kann að fara fram úr 255000 krónum, legg- **89**
 ist í sérstakan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar Suðurlandsbrautar á árinu 23. júní
 1938.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1937.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

90

23. júní

um veiting ríkisborgararéttar.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
 Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
 Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
 með samþykki Voru:

Ríkisborgarétt skulu öðlast:

1. Guðmundur Marteinsson verkfræðingur, fæddur á Íslandi, en hefir misst íslenzkan ríkisborgarétt.
2. Henriksen, Ole Sundför Dybdahl, sem fæddur er í Noregi.
3. Wilson, August Wilhelm, sem fæddur er í Svíþjóð.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.